

049/01 - Moby Dick

Moby Dick, skipverji slasast þegar verið var að hífa fiskikör um borð.

Moby Dick

Skipaskr.nr.: 0046

Smíðaður: Florö Noregi 1963 Stál

Stærð: 133,00 brl; 160,00 bt

Lengd: 25,90 m **Breidd:** 6,61 m **Dýpt:** 3,02 m

Vél: Mirrelees Blackstone 200,00 kW **Ágerð:** 200

Annað:

Földi skipverja: 4



Jónas Hafnar Þráinsson

Atvikalýsing

Þann 13. mars 2000 var Moby Dick staddur í höfn á Patreksfirði. Verið var að hífa um borð og niður í lest beina- og hausakör. Tvö kör voru hífð í einu. Í einni hífingunni kom slinkur á heisið þegar það var komið inn yfir lestina og krókur húkkaðist úr einu horninu af fjórum. Efra karið féll við það niður í lest og á skipverja sem var þar til að taka á móti heisinu.

Skipverjinn slasaðist illa og eftir skoðun á Patreksfirði var hann sendur með þyrlu til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram

- að meðalþungi karanna með farmi var 609 kg;
- að þungi í hverri hífingu var um 1100-1200 kg;
- að ekki voru notaðir karakrókar af viðurkenndri gerð;
- að krókarnir sem voru notaðir, voru sagaðir keðjulásar og var ástand þeirra mjög slæmt;
- að ekki var gengið úr skugga um að enginn væri undir þegar heisið var híft yfir lestina;
- að sá sem stjórnaði spilinu sá ekki niður í lestina og enginn var til að segja til.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að notaður var ófullnægjandi búnaður við hífingar og að ekki var hafður maður til að leiðbeina spilmanni. Nefndin bendir á mikilvægi þess að spilmaður njóti ávallt leiðsagnar þegar útsýni hans er skert yfir hífingasvæðið.